

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Verkalýðsfélags Akraness**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness þann 23. nóvember 2020 og hófst kl. 14:30.

Frá Verkalýðsfélagi Akraness Vilhjálmur Birgisson. Frá SNS Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Grein 8.2.4 um borgaralegan fatnað

Samstarfsnefndin er sammála um að grein 8.2.4 um borgaralegan fatnað breytist. Fjárhæð skal breytast 1. janúar ár hvert en miðaðist áður við mánaðarmótin nóvember/desember. Fatapeningur var áður 19,79 kr. á unna klst. en verður nú 20 kr.

Niðurstaða:

Grein breytist og 8.2.4 hljóði svo:

8.2.4 Borgaralegur fatnaður:

Þar sem sérstaklega er krafist borgaralegs fatnaðar í stað hefðbundins vinnufatnaðar við vinnu, t.d. á öldrunarheimilum, sambýlum og í dagþjónustu, skal hann látinn í té eða greiddir fatapeningar kr. 20 á unna klst. Á hjúkrunardeildum öldrunarstofnana, sem starfa samkvæmt Edenstefnunni eða þeim stofnunum sem taka mið af Edenstefnunni, bætist 20,02% álag á greidda fatapeninga.

Framangreind fjárhæð greiðist mánaðarlega. Fjárhæðin skal breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu fatnaðarliðar (031) í vísitölu neysluverðs með vísitölu októbermánaðar 2019 sem grunnvísitölu 131,8 stig.

Fleira ekki gert og fundi slitið.